



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

ÁRSSKÝRSLA 2016

www.simenntun.is

EFNISYFIRLIT

Pistill formanns stjórnar	4
Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar	5
Starfsfólk	6
Starfsstöðvar	7
Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum	8
Rekstur	
Tölfræðiupplýsingar úr starfi Símenntunarmiðstöðvarinnar	
Formlegir samstarfsaðilar	14
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
Fræðslusjóður	
Þróunarsjóður framhaldsfræðslu	
Náms- og starfsráðgjöf	19
Náms- og starfsráðgjöf – tölfræði	
Raunfærnimat	24
Fjölmennt	26
Samstarfsverkefni	28
Innlend	
Vinumálastofnun – atvinnuleitendur	
Sóknaráætlun Vesturlands	
Efling iðn- og þekkingarnáms	
Tæknimessan 2016	
Efling menntunar í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu	
Snæfellsnes – Ísland í hnotskurn	
Nýsköpun í atvinnulífi	
Efling nýsköpunar og frumkvöðlamenn á Vesturlandi	
Svæðisgarðurinn á Snæfellsnesi	
Erlend	
TELE – Teaching Entrepreneurship – Learning Entrepreneurship	
Yfirlit yfir fjarpróf	39
Úr ýmsum áttum	42
Áttin.is	
Naesta skref.is	
Namogstorf.is	
Kvasir	
Leikn	
Niðurlag	46

PISTILL FORMANNS STJÓRNAR

Sagt er að tímarnir breytist og mennirnir með. Í dag er að mörgu leyti meiri sveigjanleiki í daglegu lífi en áður var, margbreytileikinn í allri sinni fegurð fær meira svigrúm en að sama skapi er hraðinn í þjóðfélaginu mun meiri. Valmöguleikarnir eru svo margfalt fleiri nú til dags en „þegar amma var ung“ og fallast mörgum hreinlega hendur.



„Þegar amma var ung“, á fyrri hluta tuttugustu aldar, var í boði að sækja stutt grunnnám í farskóla og þá tók við að fara í húsmæðraskóla, bændaskóla, sjómannaskóla eða í bóknám í menntaskóla, ef fjárhagur og aðstæður leyfðu. Einn háskóli var í boði fyrir áframhaldandi nám í höfuðborginni og sumir áttu þess kost að fara erlendis til að sækja sér enn frekari menntun. Þau fræðasvið sem buðust voru auk þess mun færri. Menntavegurinn var klárlega ekki fær öllum. Eftir nám tók vinnan við með tilheyrandi gullúri eftir 50 ára samfleytt starf hjá sama vinnuveitandanum.

Í dag er öldin önnur; einstaklingar eru óhræddir við að breyta um stefnu í lífinu og hika ekki við að sækja á ný mið ef þeim sýnist svo, enda valmöguleikarnir óendanlegir. Þá eru stjórnendur í fyrirtækjum og stofnunum einnig orðnir mun jákvæðari og öflugri við að taka inn fólk með mismunandi hæfni og getu í mismunandi störf, við vegum jú hvert annað vel upp ef vel er valið!

Upp á síðkastið hefur hugtakið „umskólun“ (e. Transferable skills) orðið meira áberandi í umræðu um menntunarmál. Þegar talað er um umskólun er átt við einstaklinga sem breyta um stefnu á vinnumarkaði „skóla sig til nýrra starfa“. Hinir ýmsu aðilar, algerlega óháð fyrri menntun eða störfum, taka sig upp og sækja á ný mið. Ástæður geta verið fjölmargar, bæði geta komið þarna inn líkamleg- og andleg veikindi, slys eða kulnun í starfi, fyrri menntun úreldest, störf hverfa af vinnumarkaði en ekki síður breytt áhugasvið og lífsgildi hjá viðkomandi einstaklingum.

Einstaklingar sem ákveða að breyta um stefnu í atvinnumálum þurfa oft og tíðum stuðning og leiðsögn. Þeir þurfa ráðgjöf, upplýsingar um nám og fjármögnum, aðstoð við að finna hið rétta nám, það þarf að koma inn upplýsingum og kennslu á nýjan tækjabúnað sem nýttur er í námi í dag, það þarf að bjóða fram námsaðstöðu fyrir þá sem þurfa að sækja nám um lengri veg og bjóða upp á mismunandi námsleiðir. Allt þetta og meira til býður Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi upp á með þeim mannauði og aðstöðu sem þar er til staðar. Starfsfólk miðstöðvarinnar er í miklum og öflugum tengslum við sitt nærumhverfi. Þá leggur það sig fram um að vera í góðum tengslum við aðra landshluta og stjórnsýsluna og fylgjast með því sem er að gerast í öðrum löndum.

Ég vil því hvetja fyrirtæki og einstaklinga á Vesturlandi til að nýta sér enn betur það öfluga starf og þjónustu sem í boði er hjá Ingu Dóru, Guðrúnu Völu, Svövu, Brynju Mjöll, Hafðísi Fjólu og Herði.

Guðrún Lárusdóttir

Endurmenntunarstjóri Lbhí og

formaður stjórnar Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi

STJÓRN SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVARINNAR

Samkvæmt skipulagsskrá skal skipa sex aðalmenn í stjórn og sex til vara. Eftirtaldir skipa stjórnina starfsárið 2016-2017:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafultrúi
Fjölbautaskóli Vesturlands	Ágústa Elín Ingbórsdóttir	Dröfn Viðarsdóttir
Fyrirtæki/stofnanir	Guðjón Brjánsson	Rósa Guðmundsdóttir
Háskólinn á Bifröst	Magnús Smári Snorrason	Sigrún Jónsdóttir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Guðrún Lárusdóttir	Guðríður Helgadóttir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Kristín Björg Árnadóttir	Hrefna B. Jónsdóttir
Stéttarfélagin	Signý Jóhannesdóttir	Inga Birna Tryggvadóttir

Formaður stjórnar er Guðrún Lárusdóttir, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á árinu 2016 voru haldnir fjórir stjórnarfundir. Aðalfundurinn var haldinn 6. apríl 2016, sameiginlega með stofnunum í stoðkerfinu á Vesturlandi - Starfsendurhæfingu Vesturlands, Markaðsstofu Vesturlands, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Sorpurðun Vesturlands. Þetta fyrirkomulag hefur verið síðustu þrjú ár og gefist vel. Með þessu móti hefur skapast góður vettvangur til að kynna starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar, m.a. fyrir sveitarstjórnarfólki á Vesturlandi.



Svipmyndir frá aðalfundi Símenntunarmiðstöðvarinnar 2016.

STARFSFÓLK

Á ársgrundvelli voru stöðugildi rétt tæplega 5 á árinu 2016, en 31. desember 2016 voru eftirfarandi starfsmenn á launaskrá:

Brynja Mjöll Ólafsdóttir verkefnastjóri, 50% starfshlutfall
Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, 100% starfshlutfall
Hörður Baldvinsson verkefnastjóri, 50% starfshlutfall
Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, 100% starfshlutfall
Svava Björg Svavarsdóttir skrifstofustjóri, 85% starfshlutfall

Breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu 2016, en Helga Björk Bjarnadóttir lét af störfum 1. ágúst og Hekla Gunnarsdóttir lét af störfum 1. október.

Staða verkefnastjóra á starfsstöð Símenntunarmiðstöðvarinnar á Akranesi var auglýst á haustmánuðum og var Hagvangi falið að hafa umsjón með ráðningarferlinu. Sextán umsóknir bárust um starfið og var Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir ráðin og kemur til starfa í byrjun árs 2017.

Brynja Mjöll Ólafsdóttir tók til starfa 1. ágúst og er á starfsstöð Símenntunarmiðstöðvarinnar í húsnæði Átthagastofu Snæfellsbæjar.

Um leið og við bjóðum Brynju Mjöll og Hafdís Fjólu velkomnar í hópinn þökkum við Helgu Björk og Heklu fyrir vel unnin störf hjá Símenntunarmiðstöðinni og óskum þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Auk fastráðinna starfsmanna starfa að meðaltali um 100 verktakar við kennslu og önnur verkefni á ári hverju hjá stofnuninni.



Frá starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar 2016.

STARFSSTÖÐVAR

Símenntunarmiðstöðin rekur þrjár starfsstöðvar á Vesturlandi - á Akranesi, í Borgarnesi og Ólafsvík.

Húsnæði	Staður	Heimili	Leigusali
Skrifstofur og kennslustofur	Borgarnes	Bjarnarbraut 8	Fasteignir ríkisins
Skrifstofur og kennslustofur	Akranes	Suðurgata 57	Akraneskaupstaður
Skrifstofu- og kennsluaðstaða	Ólafsvík	Kirkjutún 2	Áttagastofa Snæfellsbæjar

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út starfsleyfi fyrir allar starfsstöðvarnar.

KRISTÍN VALGARÐSDÓTTIR

er deildarstjóri í Grunnskólanum í Borgarnesi, hefur kennt íslensku þar í eldri deild og kennir auk þess íslensku í Menntastöðum og hefur gert í nokkur ár.

„Nám í Menntastöðum er fyrir einstaklinga, 23 ára og eldri, og þeir nemendur sem ljúka námi þar komast, með tilskildum árangri, í undirbúningsdeildir háskólanna, Keili, HR og Bifröst.

Námið er að mestu fjarnám en einnig eru staðlotur sem nemendur mæta í og vinna þá ákveðin verkefni þar. Fyrirkomulagi námsins hefur verið breytt frá því sem áður var á þann veg að núna taka nemendur færri fög í einu og er hvert fag kennt á skemmri tíma en áður. Íslenskan var t.d. kennd í fjórar vikur fyrir áramót og síðan aðrar fjórar eftir áramót en áður spannaði íslenskukennslan nokkra mánuði og nemendur voru í fleiri fögum í einu. Þetta nýja fyrirkomulag hefur bæði kosti og galla en mín upplifun er sú að það sé í raun betra að mörgu leyti



en tel þó að fjórar vikur sé ívið of knappur tími, fimm til sex vikur væri æskileg lengd.

Í íslenskunáminu legg ég m.a. mikið upp úr ritun, að þjálfar fólk í að skrifa texta. Þess eru mörg dæmi að fólk hefur lítið gert af því að skrifa lengri texta og er sérlega ánægjulegt að sjá hversu hratt því fer fram í textaritun á námsstímanum. Nemendur



lesa ýmsar bókmenntir og skrifa ritgerðir en einnig legg ég áherslu á framsögn og í því skyni fel ég nemendum að setja saman ræður og flytja þær fyrir samnemendur sína þegar við komum saman í staðlotu.

Margir þátttakenda hættu framhaldsnámi á sínum tíma af ýmsum ástæðum en eru nú að taka upp þráðinn á nýjan leik. Flestir nemendanna stunda námið með fullri vinnu og álagið er því umtalsvert. En almennt láta þeir það ekkert á sig fá og virðist mér að þeir hafi ánægju af náminu og að takast á við krefjandi verkefni. Ég hef einnig mikla ánægju

af kennslunni, nálgunin í þessu námi er töluvert frábrugðin grunnskólanum, þar sem ég hef kennt eldri krökkunum íslensku og er því skemmtileg tilbreyting.“

STARFSEMI SÍMENNTUNAR- MIÐSTÖÐVARINNAR Í TÖLUM

Rekstur




Tölfræði


Á árinu 2016 voru 753 þátttakendur á námskeiðum og í lengra námi hjá okkur. Þátttakendum hefur fækkað frá fyrra ári, en þróunin er sú að fleiri kennslustundir eru á bak við hvern þátttakenda, þ.e. fleiri eru í lengra námi hjá okkur. Kynjaskipting þátttakenda var þannig að konur voru 493 eða 66% og karlar voru 260 eða 34%. Alls voru 63 hópar ýmist á námskeiðum eða í lengra námi á árinu 2016, fjöldi kennslustunda var 3.368 og fjöldi nemendastunda var 37.692. Nemendastundir samanstanda af fjölda nemenda margfaldaðar með kennslustundafjölda á hverju námskeiði fyrir sig.

Meðalaldur þátttakenda árið 2016 var 37,5 ár.


Hér að neðan má sjá samanburð á fjölda þátttakenda, kennslustunda og nemendastunda síðustu 5 ára.




Kynjahlutfall þátttakenda í námi 2016




Heildarfjöldi kennslustunda 2012-2016




Heildarfjöldi nemendastunda 2012-2016




Fjöldi þátttakenda í námi eftir svæðum 2012-2016




Fjöldi kennslustunda eftir svæðum 2012-2016



Fj. nemendastunda eftir svæðum 2012-2016



Hlutfall nemendastunda eftir flokkum



Síðustu ár hefur dregið jafnt og þétt úr vægi tómstundanámskeiða og kunna að vera margar skýringar á því, m.a. að tækninni fleygir fram og það er hægt að sækja sér fræðslu á netið í auknum mæli.

Að sama skapi höfum við sótt meira inn á fyrirtækjamarkaðinn og eins og sjá má hér að framan þá er tæplega helmingur nemendastunda í starfstengdu námi. Við rekum m.a. stóriðjuskóla í Norðuráli og sem dæmi um starfstengd námskeið þá vorum við með nokkur námskeið fyrir starfsfólk í fiskvinnslu, skyndihjálpi, námskeið um starfsgleði, fyrirlestur um ADHD, lyftaranámskeið, námskeið fyrir ferðaþjónustuna svo eitthvað sé nefnt.

Við bjóðum upp á nám fyrir innflytjendur, en auk námskeiða í íslensku vorum við með svokallaðan Landnemaskóla á þremur stöðum á Vesturlandi. Við viljum gjarnan fjölga námstækifærum fyrir innflytjendur, en þar vantar stefnumótun af hálfu stjórnvalda.

Við erum með samning við Fjölmenn – símenntunar- og þekkingarmiðstöð fyrir fólk með fötlun og leggjum okkur fram við að hafa námskeiðin fjölbreytt. Á árinu 2016 var m.a. boðið upp á leiklist, tónlist, jóga, námskeið í blaðamennsku, textíl og matreiðslunámskeið.

Síðustu misseri höfum við boðið upp á svokallaðar Menntastöðir í dreifnámi, en það er 660 kennslustundanámi, sem byggir á fögum eins og stærðfræði, íslensku, ensku, dönsku, námstækni og tölvu- og upplýsingatækni. Þetta nám má meta inn í framhaldsskólana sem og frumgreinadeildir háskólanna.

FORMLEGIR SAMSTARFSADILAR

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmennt - símenntunar- og þekkingarmiðstöð.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2018. Megininntakið í samningnum er að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 og bjóða upp á fjarnáms- og kennsluáðstöðu og þjónustu við nemendur á framhalds- og háskólastigi í þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Símenntunarmiðstöðin fær rekstrarframlag á fjárlögum og er upphæðin háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Samningurinn er birtur í heild sinni á vef Símenntunarmiðstöðvarinnar www.simenntun.is.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þann 28. maí 2015 um aðgerðir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði segir m.a. í sjötta lið: „Framhaldsfræðsla og starfsmenntun. Tryggt verður fjármagn til að fylgja eftir sameiginlegum áherslum menntayfirvalda og aðila vinnumarkaðarins sem lúta að því að tryggja starfsemi símenntunarmiðstöðva og námstækifæri fyrir nemendur yfir 25 ára aldri, bætt skilyrði til starfsnáms með reglulegum og auknum framlögum til vinnustaðanáms- sjóðs og til að hefja vinnu við að skilgreina fagháskólastig og hvernig það gæti tengst bæði framhalds- og háskólakerfinu. Aukin framlög á fjárlögum vegna þessara áherslna munu nema 200 m.kr. á ári hverju.“¹

Alls voru 95 milljónir greiddar út sem viðbótarframlag til símenntunarmiðstöðva og fékk Símenntunarmiðstöðin 4,8 milljónir af þessu framlagi á árinu 2016.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er einkahlutafélag í eigu Alpýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

¹ <https://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/adgerdir-rikisstjornarinnar-til-ad-greida-fyrir-gerd-kjarasamninga-a-almennum-vinumarkadi#rad>

SVEINN KRISTINSSON

á Akranesi kenndi íslensku fyrir útlendinga sl. haust og aftur núna á vorönn. Sveinn er margreyndur kennari og hefur í gegnum tíðina kennt bæði í grunn- og framhaldsskóla. Hann er formaður Rauða krossins á Íslandi.



„Námskeiðin eru haldin í samstarfi Vinnuálastofnunar og Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og er hvert námskeið sextíu stundir. Bakgrunnur þess fólks sem ég hef verið að kenna er mjög misjafn. Sumir hafa dvalið dágóðan tíma í landinu en aðrir hafa verið hér í eitt til tvö eða jafnvel mörg ár en hafa engu að síður litla eða enga kunnáttu í íslensku, vegna þess að samskipti þeirra við aðra á vinnustöðum og heima eru meira og minna á þeirra

móðurmáli eða á ensku. Margir nemendur eru áhugasamir um að læra en aðrir síður. Ég legg áherslu á talmálið, að fólk geti bjargað sér í sínu daglega lífi með einföldum setningum. Það gilda sömu lögmálin um íslenskukennsluna og að byggja hús, grunnurinn verður að vera traustur og góður og síðan er hægt að byggja smám saman ofan á hann.

Sextíu kennslustundir eru að mínu mati alls ekki nægilegt. Það er nauðsynlegt að gera mun betur í þessum efnum, því ef tungumálakunnátta fólksins er af skornum skammti er hættu á einangrun þess í samfélaginu. Við Íslendingar höfum þá þrálátu árattu að tala ensku við alla þá útlendinga sem hér búa en margir þeirra hvorki skilja né tala ensku. Til þess að bæta íslenskukunnáttuna þurfum við fyrst og fremst að tala íslensku við þetta fólk.“

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar. Samningurinn við símenntunarmiðstöðvarnar rann út um áramótin 2015/2016 og er verið að vinna að nýjum þjónustusamningi sem byggir á nýjum skilmálum sem samþykktir eru af mennta- og menningarmálaráðherra.

Í ljósi þess að verið er að endurskoða framhaldsfræðslulögin hefur dregist að gera nýja þjónustusamninga.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Pann 14. desember 2015 var undirritaður samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um vinnu við verkefni á sviði framhaldsfræðslu sem gildir frá 1. janúar til ársloka 2021.

Þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið og yfirlýsingar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar námsleiðir samkvæmt námskrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunarmiðstöðvarinnar 2016 skiptist svona:

Umsóknir Símenntunar	Sótt um	Úthlutað
Vottaðar námsleiðir	24.400.000	24.000.000
Náms- og starfsráðgjöf	14.904.500	8.400.000
Raunfærnimat	6.422.300	6.401.300

Þróunarsjóður framhaldsfræðslu

Hlutverk Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sjóðurinn starfar undir stjórn Fræðslusjóðs sem ákveður fjárhæð til úthlutunar á ári hverju. Úthlutað er úr sjóðnum einu sinni á ári.

Símenntunarmiðstöðin sótti ekki um styrk í sjóðinn árið 2016.

Yfirlit yfir vottaðar námsleiðir FA árið 2015:

Vorönn 2016							
Staður	Námskeið	Fj. þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. Kvenna	Fj. Karla	Meðalaldur
Akranes	Kvikmyndasmiðja - StarfVest	11	120	1.320	7	4	36
Akranes	Grunnnámskeið fiskvinnslu	10	60	600	6	4	34
Akranes	Grunnnámskeið fiskvinnslu	21	60	1.260	13	8	34
Akranes	Stóriðjuskólinn - grunnnám	15	150	2.250	0	15	41
Akranes	Stóriðjuskólinn - framhald	15	193	2.895	0	15	46
Stykkishólmur	Landnemaskóli II	23	120	2.760	16	7	33
Dreifnám	Menntastöðir	7	330	2.310	7	0	29
Samtals		102	1.033	13.395	49	53	36

Haustönn 2016							
Staður	Námskeið	Fj. þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. Kvenna	Fj. Karla	Meðalaldur
Akranes	Grunnnámskeið fiskvinnslu	10	60	600	9	1	37
Akranes	Grunnnámskeið fiskvinnslu	11	60	660	9	2	38
Akranes	Landnemaskólinn	8	120	960	8	0	42
Akranes	Stóriðjuskólinn - grunnnám	17	150	2.550	6	11	39
Akranes	Stóriðjuskólinn - framhald	16	193	3.088	1	15	40
Snæfellsbær	Landnemaskóli II	15	120	1.800	12	3	37
Dreifnám	Menntastoðir	8	330	2.640	6	2	27
Samtals		85	1.033	12.298	51	34	37

Svipaður fjöldi þátttakenda hefur verið í námsleiðunum síðustu 3 ár. Símenntunarmiðstöðin nýtti allt það fjármagn sem Fræðslusjóður úthlutaði í viðurkenndar námsleiðir á árinu 2016. Einna best gengur að ná í þátttakendur í námsleiðir sem eru kjarasamningsbundnar, s.s. Stóriðjuskólann og grunnnám fyrir fiskvinnslufólk.

Á árinu 2016 var Símenntunarmiðstöðin með Landnemaskóla á þremur stöðum á Vesturlandi, en þessi námsleið er fyrir fólk af erlendum uppruna. Landnemaskólinn er alls 120 kennslustundir sem byggist á íslensku- og samfélagsfræðikennslu. Bakgrunnur þátttakenda er fjölbreyttur sem og þjóðerni. Nám í Landnemaskólanum styrkir þátttakendur, bætir félagsleg tengsl og stundum myndast hvati til að læra meira.

Það er brýnt að geta boðið upp á námstækifæri líkt og Landnemaskóla, en betur má ef duga skal og nauðsynlegt er að fjölga námstækifærum fyrir þennan markhóp, m.a. til að auðvelda þessum hópi að lifa og starfa í íslensku samfélagi.

Símenntunarmiðstöðin hefur boðið upp á Menntastoðir allt frá árinu 2013, en það nám er 660 kennslustundir að lengd, sem má meta inn í framhaldsskóla og frumgreinadeildir háskólanna.

Síðustu tvö ár hefur gengið erfiðlega að ná lágmarkspáttöku í Menntastoðir og lítur út fyrir að hópurinn sem fór af stað haustið 2016 verði sá síðasti – í bili a.m.k.

Hlutfallslega koma margir brottfallsnemendur úr framhaldsskólum inn til símenntunarmiðstöðvanna og Menntastoðir er námsleið sem fólk sér sem tækifæri til að koma sér aftur af stað í nám. Síðustu ár hefur fyrirspurnum fjölgað um að taka einstaka áfanga en ekki fullt nám.

AGNES HANSEN

dönskukennari við Menntaskóla
Borgarfjarðar, hefur kennt
dönsku í Menntastöðum undan-
farin fjögur ár og verður næsta
dönskunámskeiðið í apríl nk.

„Kennslan er annars vegar í gegnum Moodle-kerfið á netinu og hins vegar í staðlotum. Ég fylgi ekki kennslubók í náminu heldur er kennsluefnið allt rafrænt. Efnið nálgast nemendur á netinu, hvort sem það eru málfræðiæfingar, textagreinar – t.d. fréttir eða smásögur, sjónvarpsþættir eða tónlist. Mér finnst skipta máli að hafa námsefnið þannig að það vekji áhuga nemenda. Verkefnavinna fer fram í gegnum Moodle, bæði skrifleg verkefni, hlustunarverkefni og



talmálsverkefni. Stundum læt ég fólk lesa fyrir mig texta og senda mér í gegnum netið.

Nemendahópurinn í Menntastöðum er mjög breiður, t.d. fólk sem af einhverjum ástæðum hefur hætt námi í framhaldsskóla en vill taka upp þráðinn á nýjan leik. Og það er ánægjulegt að þess eru dæmi að eftir nám í Menntastöðum halda nemendur áfram frekara námi.

Núna í apríl byrjum við með nýtt námskeið með breyttu sniði. Að þessu sinni verður náminu þjappað á þrjár vikur og sem fyrr verður það að mestu í gegnum netið auk einnar staðlotu í Borgarnesi. Það verður áhugavert að sjá hvernig það kemur út að kenna námskeiðið á þremur kennsluvikum og hafa þannig tíðari verkefnaskil. Ég hlakka til að prófa þetta.“

Nokkrar símenntunarmiðstöðvar bjóða upp á Menntastöðir og þá með mismunandi sniði, þ.e. staðnám, dreifnám og fjarnám og einkum þær stærstu.

Símenntunarmiðstöðvarnar vinna að því að auka samstarf með hag nemenda að leiðarljósi. Þó svo að Símenntunarmiðstöðin muni ekki bjóða upp á Menntastöðir á næstunni verður áhugasömum á Vesturlandi beint til þeirra miðstöðva sem bjóða upp á Menntastöðir og náms- og starfsráðgjafi Símenntunarmiðstöðvarinnar veitir viðkomandi ráðgjöf og stuðning á meðan á námi stendur ef þess er óskað.



Myndir frá Landnemaskóla II í Stykkishólmi.

NÁMS OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjöfin fer oftast fram á skrifstofum víðsvegar á starfssvæði Símenntunarmiðstöðvarinnar, en mikið er lagt upp úr því að náms- og starfsráðgjafar ferðist um allt Vesturland og veiti fólki ráðgjöf í sinni heimabyggð. Vakin er þó athygli á því að rafræn ráðgjöf (í gegnum síma eða tölvupóst) hefur aukist. Jafnframt hefur svokölluðum hvatningarviðtölum á vettvangi fjölgað, en það eru viðtöl sem aðrir starfsmenn Símenntunarmiðstöðvarinnar veita. Ástæða þeirrar aukningar er fyrst og fremst fleira starfsfólk og fleiri heimsóknir í fyrirtæki, sérstaklega í iðn- og verktakafyrirtæki. Ennfremur vegna fjölgunar á Markviss verkefnum. Slík hvatningarviðtöl leiða oft af sér meiri og sérhæfðari ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjafa og því er góð samvinna starfsfólks mikilvæg. Öllum nemendum á námsleiðum Símenntunar býðst náms- og starfsráðgjöf.

Samstarfsaðilar Símenntunarmiðstöðvarinnar í náms- og starfsráðgjöf eru m.a. Vinnumálastofnun á Vesturlandi og Virk – starfsendurhæfingarsjóður, stéttarfélögin, framhaldsskólarnir og Rauða kross deildirnar og er gert ráð fyrir áframhaldandi sam-vinnu.

Náms- og starfsráðgjöfin er kynnt í gegnum námsleiðir, í fyrirtækjum, á netinu, á kynningarfundum o.fl. Viðtöl fara fram í húsnæði skóla og stofnana á svæðinu eða í húsnæði stéttarfélaga og fyrirtækjum ef við á. Á Facebook-síðu náms – og starfsráðgjafarinnar eru settar inn ýmsar greinar, upplýsingar og hugmyndir. Ráðþegar geta sent þar inn skilaboð, óskað eftir viðtali eða sent inn fyrirspurnir. Áhugasviðsgreiningar, raunfærnimat, lesblindugreiningar o.fl. er auglýst í námsvísi. Á nýrri heimasíðu Símenntunarmiðstöðvarinnar er boðið upp á þann möguleika að panta viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa í gegnum netið eða senda fyrirspurn. Náms- og starfsráðgjöf er lykilatriðið í raunfærnimati.

Áhersla er á að ná til innflytjenda og veita þeim ráðgjöf, sérstaklega þeim sem eru í atvinnuleit, því náms- og starfsráðgjöf getur reynst þeim afar gagnleg við upplýsingaöflun um störf og símenntun, mat á færni, reynslu og menntun og sem hvatning til starfsþróunar í nýju landi. Þá er í viðtölum kortlögð menntun, reynsla og færni og metið hvort innflytjendur geti fengið starfsréttindi yfirfærð hingað frá sínu heimalandi. Þeir fá einnig aðstoð við ferilskrágerð og að sækja um störf.

Skipting viðtala eftir kyni	Fjöldi viðtala
Karl	162
Kona	250
Heildarfjöldi	412


Aldursbil	Fjöldi viðtala
0-25 ára	52
41-55 ára	152
26-40 ára	181
56 og eldri	27
Heildarfjöldi	412

Staða á vinnumarkaði	Fjöldi viðtala
Annað	8
Atvinnuleitandi	32
Í námi	15
Í starfi	345
Starfsendurhæfing	2
VMST	8
Öryrki	2
Heildarfjöldi	412


Skólastig	Fjöldi viðtala
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	218
Grunnskóli	131
Háskólapróf	6
Iðnmenntun	15
Starfsmenntun	22
Stúdentspróf	20
Heildarfjöldi	412

Þjóðerni	Fjöldi viðtala
Bahamas	1
Belgium	1
Bosnia And Herzegovina	2
France	1
Gambia	2
Germany	1
Guatemala	1
Hungary	2
Ireland	1
Ísland	287
Jamaica	1
Latvia	1
Lithuania	5
Mexico	1
Philippines	5
Poland	89
Portugal	2
Russian Federation	3
South Africa	1
Spain	1
Switzerland	1
Ukraine	1
United States	1
Viet Nam	1
Heildarfjöldi	412


Skipting viðtala eftir kyni



Aldursskipting ráðþega



Þjóðerni ráðþega



■ Ísland ■ Pólland ■ Evrópa, annað en Ísland og Pólland ■ Utan Evrópu

PIÐRIK ÖRN VIÐARSSON

kennari við Grunnskóla Snæfellsbæjar í Ólafsvík, kenndi útlendingum íslensku í Landnemaskólanum í Ólafsvík á haustönn.


„Að meðaltali sóttu um fimmtán manns námskeiðið. Þetta var fjölbreyttur hópur fólks sem býr í Ólafsvík, á Hellissandi og í Grundarfirði, langflestir starfa í fiskvinnslu. Sumir hafa búið hér til skamms tíma en aðrir hafa verið hér í allt að tuttugu ár og höfðu áður tekið íslenskunámskeið. Vegna þess hversu ólíkan bakgrunn fólkið hafði kenndi ég tvær bækur í einu – „Íslenska sjálfsagt mál“ I og II. Það var á margan hátt óheppilegt og gerði kennsluna töluvert snúna. Ég lagði mikið upp

úr samveru fólksins, að það kynntist vel innbyrðis og nyti þess að vera saman og ég tel að það hafi tekist ágætlega. Mér fannst gleðin vera í fyrirrúmi og í lok námskeiðsins var fólk mun opnara en í byrjun. Mér fannst langflestir þátttakendur í námskeiðinu áhugasamir um að læra tungumálið. Það sem öllu máli skiptir í slíku námi er að hjálpa fólki til þess að tjá sig á einfaldri íslensku, það auðveldar þeirra daglega líf og þá er mikið unnið.




Ég var að kenna þetta námskeið í fyrsta skipti og er reynslunni ríkari. Að mínu mati er ekki æskilegt að hafa svo breiðan hóp í einu á námskeiði, með svo mismunandi bakgrunn, það flækir málið umtalsvert að kenna tvær bækur í einu. Einnig var það reynsla mín að þriggja tíma námslotur í senn, frá klukkan sex síðdegis, væru of langar fyrir fólk til þess að halda óskiptri athygli, að loknum löngum vinnudegi. Ég tel að tveggja tíma námslotur með einu hléi séu heppilegri.“

Staða ráðþega á vinnumarkaði



- Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki) ■ Grunnskóli
- Háskólapróf ■ Iðnmenntun
- Starfsmenntun ■ Stúdentspróf

Skólastig ráðþega



- Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki) ■ Grunnskóli
- Háskólapróf ■ Iðnmenntun
- Starfsmenntun ■ Stúdentspróf

RAUNFÆRNIMAT

Raunfærnimat er viðurkennt matsferli sem gerir einstaklingum úr ýmsum greinum atvinnulífsins kleift að fá reynslu, færni og þekkingu sem þeir hafa öðlast í starfi metið til eininga. Það getur stytt nám og auðveldað fólki að hefja nám í sinni grein og öðlast starfsréttindi að námi loknu. Til að komast í raunfærnimat þarf viðkomandi að hafa náð 23-25 ára lífaldri og 3-5 ára starfsaldri eftir því hvaða grein á við.

Á árinu 2016 var boðið upp á raunfærnimat í matartækni og skrifstofugreinum, auk þess sem Símenntunarmiðstöðin var í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur vegna raunfærnimats í löggiltum iðngreinum, en tveir einstaklingar luku raunfærnimati í múraraíð og einn í rennismíði. Símenntunarmiðstöðin var jafnframt í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða í raunfærnimati í þjónustugreinum, en tveir einstaklingar af Vesturlandi fóru í gegnum raunfærnimat sem var í boði þar. Þar fyrir utan sinnti Símenntunarmiðstöðin þjónustu við tvo aðila sem fóru í raunfærnimat í skipstjórn og fisktækni.

Raunfærnimat í matartækni; Raunfærnimat í matartækni var haldið í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi. Matartækni er löggilt starfsréttindanáms á heilbrigðisviði. Meginmarkmið námsins er að nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu, skilning og færni til að takast á við kröfur heilbrigðisstofnana og mótuneyta um matreiðslu sérfæðis og gæði, næringu, hollustu og hagkvæmni í almennri matargerð. Meðalnámstími er þrjú ár, samtals þrjár annir í skóla og 80 vikna starfsspjálfun. Námið er alls 140 einingar og lýkur með fagprófi er veitir rétt til starfa í iðninni. Raunfærnimati í greininni er ætlað að greiða leið þeirra sem nú þegar eru starfandi í mótuneytum án réttinda. Niðurstaða raunfærnimats staðfestir færni og þekkingu einstaklinga og getur stytt námstíma þeirra til starfsréttinda.

Alls 11 einstaklingar luku raunfærnimati í matartækni, 9 konur og 2 karlar. Meðalaldur þeirra var 44 ár. Meðaltalsfjöldi metinna eininga pr. einstakling var 18, en mest fékk einstaklingur metnar 22 einingar og minnst 5. Alls voru 19 áfangar til mats auk vinnustaðarnámsins.

Matsaðilar voru Margrét S. Sigbjörnsdóttir matartæknir og Guðný Jónsdóttir frá matartæknibraut Menntaskólans í Kópavogi.

Raunfærnimat í skrifstofugreinum; Raunfærnimat í skrifstofugreinum var í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi. Skrifstofubrautin er hagnýtt nám á framhaldsskólastigi sem miðar að því að veita nemendum almenna þekkingu í greinum sem nýtast við krefjandi störf á skrifstofu.

Alls 10 einstaklingar luku raunfærnimati í skrifstofugreinum, 8 konur og 2 karlar. Meðalaldur þeirra var 54 ár. Meðaltalsfjöldi metinna eininga pr. einstakling var 16 einingar, en mest fékk einstaklingur metnar 24 einingar og minnst 9. Alls voru 11 áfangar til mats.

Matsaðilar voru Inga Karlsdóttir, fagstjóri fjármála- og skrifstofugreina, og Garðar Vilhjálmsson, viðskiptagreinakennari, í Menntaskólanum í Kópavogi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið um raunfærnimat fyrir fagaðila, náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra og aðra sem koma að raunfærnimats-verkefnum.



Myndir úr starfi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands.

FJÖLMENNT

Símenntunarmiðstöðin er með samning við Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeið ætluð fólki með fötlun 20 ára og eldra. Í samningnum er m.a. kveðið á um að Símenntunarmiðstöðin eigi að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun í landshlutanum.

Á árinu 2016 var boðið upp á fjölbreytt tómstundanámskeið, þ.á m. tónlist, leiklist, jóga, blaðamennsku, textíl og matreiðslu inni á heimilum.

Á árinu 2016 voru haldin tólf námskeið á Vesturlandi fyrir fólk með fötlun. Alls voru 72 þátttakendur á námskeiðunum, kennslustundir voru 295 og nemendastundir 1.908. Karlar voru mun fleiri, eða 53 á móti 19 konum. Meðalaldur var 40 ár.

Árið 2016							
Staður	Námskeið	Fj. Þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
Akranes	Fjölmennt-Fjöllistanámskeið	5	42	210	2	3	33
Akranes	Fjölmennt - Matreiðsla í heimahúsi	2	9	18	0	2	34
Borgarnes	Fjölmennt - Jóga	5	18	90	1	4	49
Borgarnes	Fjölmennt - Leiklist	7	8	56	1	6	37
Borgarnes	Fjölmennt - Jóga	4	18	72	1	3	44
Dalir	Fjölmennt- Tónlist Fellsenda	13	42	546	4	9	66
Dalir	Fjölmennt - Tónlist	12	18	216	3	9	66
Stykkishólmur	Fjölmennt - Leiklist	5	8	40	0	5	28
Stykkishólmur	Fjölmennt - Matreiðsla í heimahúsi	4	9	36	1	3	33
Stykkishólmur	Fjölmennt - Textíl	5	42	210	2	3	33
Stykkishólmur	Fjölmennt - Leikum núna	6	45	270	2	4	29
Stykkishólmur	Fjölmennt - Blaðamennska	4	36	144	2	2	34
Samtals		72	295	1.908	19	53	40

GUNNSTEINN SIGURÐSSON

hefur undanfarin ár haft umsjón með leiklistarnámskeiðum fyrir fatlaða á Snæfellsnesi. Einu slíku námskeiði er að ljúka þessa dagana og sem fyrr er mikil ánægja með það. Gunnsteinn, sem er búsettur í Ólafsvík, var til fjölda ára grunnskólakennari en núna starfar hann sem umsjónarproskabjálfi hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og hefur m.a. umsjón með búsetuþjónustu og Smiðjunni – dagþjónustu og vinnustað fatlaðs fólks.



„Ég hef verið með leiklistarnámskeið fyrir fatlað fólk, tuttugu ára og eldri, undanfarin ár og hafa þau verið haldin í Stykkishólmi. Fyrir áramótið var ég með tólf vikna námskeið þar sem við hittumst síðdegis, einu

sinni í viku, tvo og hálfan tíma í senn. Við tókum síðan upp þráðinn eftir áramót og þann 3. apríl ljúkum við níu vikna námskeiði. Við erum að vinna með spuna, framsögn, látbragðsleik og tjáningu. Sá yngsti á námskeiðinu núna er um tvítugt en sá elsti á sextugsaldri. Fólk nýtur þess að taka þátt og það er ánægjulegt að sjá að margir koma aftur og aftur á námskeið.

Í gegnum tíðina hef ég bæði leikið og leikstýrt hjá Leikfélagi Ólafsvíkur og það er ekki svo auðvelt að losna við leiklistarbakteríuna. Að kenna á slíkum námskeiðum er ekkert síður skemmtilegt en að leikstýra.

Ég hef einnig kennt aðeins í Landnemaskólanum hér í Ólafsvík og Stykkishólmi og þá hef ég komið að styttri námskeiðum fyrir fatlaða í Borgarnesi, þar sem ég kenni leiklistina en Ellý – Elínborg Halldórsdóttir miðlar þekkingu sinni um tónlist.“

Á árinu 2015 fóru fulltrúar frá Símenntunarmiðstöðinni, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Austurbrú í námsferð til Svíþjóðar til að kynna sér hvernig staðið er að fræðslumálum fyrir fólk með fötlun. Í þeirri ferð var m.a. farið til Sollefteå þar sem var farið í heimsókn í Reveljen – fullorðinsfræðslumiðstöð. Vorið 2016 var heimsóknin endurgoldin, en þá komu fulltrúar frá Reveljen til okkar og fengu innsýn í starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar, fóru m.a. í heimsókn í Búkollu á Akranesi, Endurhæfingarhúsið Hver, Starfsendurhæfingu Vesturlands og í Fjölmennt.

Nánari upplýsingar um starfsemi Fjölmenntar – símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar er að finna á www.fjolmennt.is



Myndir úr starfi Símenntunarmiðstöðvar á Vesturlandi.

SAMSTARFSVERKEFNI – INNLEND OG ERLEND

Innland verkefni

Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi undanfarin ár eða allt frá efnahagshruni. Námskeiðum hefur fækkað töluvert síðustu ár og helst það í hendur við minna atvinnuleysi. Ef tekið er mið af síðustu 5 árum fækkar þátttakendum á námskeiðum jafnt og þétt.

Atvinnuleitendur í námi hjá SMV 2012–2016

Ár	Fj. námskeiða	Fjöldi þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
2016	5	48	258	2.544	31	17	36
2015	10	91	361	3.583	43	47	41
2014	12	119	312	2.964	62	57	39
2013	18	168	984	9.113	92	76	42
2012	29	262	1.365	11.993	120	142	47

Á árinu 2016 voru 48 þátttakendur á 5 námskeiðum á Vesturlandi. Alls voru kenndar 258 kennslustundir og nemendastundir voru 2.544. Konur voru 31 og karlar 17 talsins. Meðalaldur þátttakenda var 36 ár. Athyglisvert er að meðalaldur þátttakenda fer lækkandi á námskeiðunum sem bendir til þess að hlutfallslega fleira yngra fólk er á atvinnuleysisskrá.

Á árinu 2016 voru öll námskeiðin haldin á Akranesi.

Ýmsan fróðleik og tölfræði má finna á vef Vinnumálastofnunar
www.vinnumalastofnun.is

Sóknaráætlun Vesturlands

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) hafa samkvæmt lögum umsjón með Sóknaráætlun Vesturlands og framkvæmd hennar. Á árinu 2015 var undirritaður samningur á milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins annars vegar og SSV hins vegar um Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019. Í samningnum kemur fram að verkefni SSV eru þrípætt:



Námskeið í vatnslitamálun.



Frá skyndihjálparnámskeiði.

- Í fyrsta lagi að vinna framtíðarsýn og marka stefnu fyrir Vesturland á samningstímanum þar sem fram koma skýr markmið og tillögur að aðgerðum
- Í öðru lagi að skilgreina og vinna að sérstökum áhersluverkefnum fyrir Vesturland sem hafa skírskotun til stefnu sóknaráætlunar og eiga að efla byggð í landshlutanum
- Í þriðja lagi að stofna Uppbyggingarsjóð fyrir Vesturland sem veitir styrki til menningar- og nýsköpunarverkefna.

Vinnu við stefnu og framtíðarsýn Sóknaráætlunar Vesturlands lauk á haustdögum 2015 og komu á annað hundrað Vestlendingar að mótun hennar. Þá voru skilgreind áhersluverkefni fyrir árin 2015 og 2016 sem unnið var að árið 2016. Síðla árs 2016 hófst vinna við að skilgreina verkefni fyrir árið 2017. Áhersluverkefni geta staðið yfir í eitt eða fleiri ár, en ekki lengur en til loka samningstímans. Uppbyggingarsjóður Vesturlands hóf starfsemi sína vorið 2015. Sérstök stjórn stýrir sjóðnum. Sjóðurinn hefur hingað til úthlutað styrkjum tvisvar sinnum á ári og á árunum 2015 og 2016 úthlutaði hann ríflega hundrað milljónum til nýsköpunar- og menningarverkefna.²

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands á árinu 2016.

Efling iðn- og tæknináms; markmið að fjölga nemendum í iðn- og tækninámi

Undanfarin ár hefur skortur á iðnaðarmönnum gert vart við sig á Vesturlandi og ljóst að stóriðja og iðnfyrirtæki á svæðinu geta lent í alvarlegum vanda ef fram heldur sem horfir. Því skiptir miklu máli að laða ungt fólk í iðn- og tækninám. Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi hefur boðið upp á iðnnám og er bæði aðstaða

² <http://ssv.is/soknaraaetlun-vesturlands/um-soknaraaetlun/>

og tækjakostur fyrir slíkt nám með ágætum. Þá hefur Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi boðið upp á raunfærnimat sem styttir leiðina að starfsréttindum fyrir þá sem hafa starfsreynslu eða menntun í ákveðinni iðngrein en vilja afla sér réttinda í annarri iðn. Til að fjölga iðnaðarmönnum á Vesturlandi er markmiðið að vinna að eftirfarandi;

- Í samstarfi við iðnfyrirtæki á Vesturlandi verði farið í markvissa kynningu meðal grunnskólanema á tækifærum í iðn- og tæknistörfum.
- Í samstarfi við Fjölbautaskóla Vesturlands verði unnið að eflingu iðnnáms innan skólans og á Vesturlandi. Skoðaðir verða möguleikar á því að framhaldsskólar á Vesturlandi taki upp samstarf sín á milli varðandi ákveðna þætti í náminu þannig að nemendur á Snæfellsnesi og í Borgarfirði geti tekið hluta náms í FSN og MB.
- Áfram verði unnið að því á vettvangi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands að sem flestir hafi tækifæri til að komast í raunfærnimat og styttri námskeið eða nám sem tengjast iðn- og tæknigreinum.³

Skipaður var stýrihópur fyrir þetta áhersluverkefni og situr Hörður Baldvinsson í honum sem fulltrúi Símenntunarmiðstöðvarinnar.

Tæknimessan 2016

Verkefnastjórn var skipuð fyrir áhersluverkefnið um eflingu iðn- og tæknináms sem í voru fulltrúar frá eftirfarandi aðilum:

- Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi
- Símenntunarmiðstöð Vesturlands
- Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi
- Samtökum iðnaðarins
- Iðnfyrirtækjum á Vesturlandi
- Grunnskólunum á Vesturlandi



Myndir frá Tæknimessu.



Myndir frá Tæknimessu.

Hekla Gunnarsdóttir verkefnastjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar var starfsmaður verkefnisstjórnar og verkefnisstjóri Tæknimessunnar.

Tæknimessan var haldin 14. apríl 2016 í Fjölbautaskóla Vesturlands og tóku alls 17 fyrirtæki þátt: Norðurál, Elkem, Blikksmiðja Guðmundar, Límtré Vírnet, Trésmiðjan Akur, Skaginn, IDAN fræðslusetur, Rafiðnaðarskólinn, Team Spark, Meitill/GT tækni, HB Grandi, Héðinn vélsmiðja, MT Höjgaard, Samtök iðnaðarins, Marel, Stálsmiðjan og OR.

Öllum nemendum í 8.-10. bekk grunnskólanna á Vesturlandi, tæplega 700 nemendum, var boðið á Tæknimessuna, en annars vegar var farið með þá á kynningu fyrirtækjanna í Fjölbautaskóla Vesturlands og hins vegar var boðið upp á rútuförir með leiðsögn um Grundartangasvæðið. Tilgangurinn með rútuförðunum var að kynna fyrir nemendum starfsemi margra iðnfyrirtækja á Grundartanga.

Það var samdóma álit að vel hafi tekist til og er stefnt á að þróa þetta verkefni áfram og halda aðra iðn/tæknimessu á haustdögum 2017.

Tæknimessan fékk mjög góða umfjöllun í Skessuhorni, síða var stofnuð fyrir hana á fésbókinni og einnig á Instagram: #tmessa2016

Efling menntunar í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu

Markmiðið með þessu áhersluverkefni er að auka þekkingu og gæði í lykilatvinnugreinum á Vesturlandi. Mikil umræða hefur verið um að auka gæði í ferðaþjónustu og hafa aðilar verið sammála um að það verði helst gert með aukinni menntun starfsmanna. Sama á við að hluta til í matvælaframleiðslu, en þar hafa bæði stór fyrirtæki sem og minni aðilar sem í auknum mæli framleiða heimagerð matvæli (beint frá býli) kallað eftir aukinni þekkingu. Landbúnaðarháskóli Íslands á

Hvanneyri og Háskólinn á Bifröst bjóða báðir upp á nám sem nýtist við ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu. Til að efla menntun í ferðaþjónustu og matvælaíðnaði er leitað eftir samstarfi við menntastofnanir á Vesturlandi um uppbyggingu á styttra námi og námskeiðum fyrir starfsfólk í þessum atvinnugreinum.⁴

Í tengslum við þetta áhersluverkefni innan Sóknaráætlunar var starfandi verkefnastjórn á árinu 2016 og sat Inga Dóra Halldórsdóttir í þeim hópi sem fulltrúi Símenntunarmiðstöðvarinnar.

Snæfellsnes – Ísland í hnotskurn; áttahaganám

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, í samstarfi við Svæðisgarðinn Snæfellsnes, SSV þróun og ráðgjöf, hélt 60 kennslustunda áttahaganám á vorönn 2016 sem var nefnt Snæfellsnes - Ísland í hnotskurn. Námskeiðið var hluti af þessu áhersluverkefni Sóknaráætlunar.

Meginmarkmið námsins var að efla heimafólk á Snæfellsnesi í áttahagafræði, staðháttum, útivist, ferðamennsku, gestamóttöku, upplýsingaöflun og miðlun og voru þátttakendur 14 talsins.



Frá útskrift.

4 Sóknaráætlun Vesturlands. Áhersluverkefni. SSV: 2015



Átthaganám.



Námið byggðist upp á þremur staðlotum og netfundum einu sinni í viku, auk þess fengu þátttakendur aðgang að fyrirlestrum og efni á miðlægum vef þar sem vel valdir leiðbeinendur lögðu fram efni, m.a. um jarðfræði, byggð og mannlíf, sögu og menningu, náttúru og dýralíf, auk þess sem fjölbreytt stoðefni var notað.

Á lokadegi námsins buðu þátttakendur á námskeiðinu upp á leiðsögn í rútu í hringferð um Snæfellsnes sem endaði með útskrift á Kaffi Rjúkandi.

Margrét Björk Björnsdóttir atvinnuráðgjafi og Ragnhildur Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsness voru aðal leiðbeinendur í náminu. Kennslumat var lagt fyrir þátttakendur jafnóðum á meðan á náminu stóð og sýndi það ótvírætt að þátttakendur voru ánægðir með útkomuna.

Nýsköpun í atvinnulífi

Markmið með þessu áhersluverkefni er að styðja við frumkvöðla og efla nýsköpun í atvinnulífi, en að undanfögnu hefur verið unnið að því að auka stuðning við frumkvöðla á Vesturlandi með ýmsum aðgerðum.

Á Akranesi hefur verið komið upp FAB-LAB smiðju og nýverið var frumkvöðlasetrið Hugheimar stofnað í Borgarnesi. Áhugi hefur verið fyrir því að stofna svipað setur á Snæfellsnesi. Þá hafa háskólarnir á Vesturlandi staðið fyrir verkefnum fyrir frumkvöðla, framhaldsskólar hafa gert það sama sem og Símenntunarmiðstöð Vesturlands og SSV. Eftir sem áður er mikilvægt að styrkja umhverfi frumkvöðla og skapa þeim tækifæri til að vinna að nýjum hugmyndum. Það á sama á við um nýsköpun, en mikilvægt er að stuðla að frekari nýsköpun innan fyrirtækja, stuðla að því að innan háskólanna verði unnin verkefni sem styðja við nýsköpun í atvinnulífi og loks að tengja háskólana við nýsköpun og frumkvöðlasetur.⁵

5 Sóknaráætlun Vesturlands. Áhersluverkefni. SSV: 2015

Í tengslum við þetta áhersluverkefni innan Sóknaráætlunar var starfandi verk-efnastjórn á árinu 2016 og sat Hörður Baldvinsson í þeim hópi sem fulltrúi Símenntunarmiðstöðvarinnar.

Efling nýsköpunar og frumkvöðlamenntar á Vesturlandi

Símenntunarmiðstöðinni var falið að halda utan um verkefni sem snýr að því að örva nýsköpun og sköpunargáfu hjá ungu fólki strax á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri, en samkvæmt rannsóknnum er um helmingur þeirra starfa sem unga fólkið mun starfa við í framtíðinni óþekkt í dag.

Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur öðlist hæfni og þekkingu til að skipuleggja nýsköpunar- og frumkvöðlasmiðjur fyrir nemendur, fá þjálfun til að þróa hugmyndir og setja fram viðskiptaáætlun, þekkja grunnþætti í eflandi kennslufræði og skilja tengingu hennar við skapandi skólastarf og öðlist þekkingu og hæfni á að þróa námsmat fyrir nýsköpunar- og frumkvöðlamennt.


Þátttakendur fara í gegnum greiningu á þörfum og finna lausnir sem hægt er að þróa áfram í viðskiptahugmynd. Í þessu ferli er bæði notast við aðferðir sem ekki byggja á tæknilausnum og aðferðir sem byggja á tæknilausnum. Þátttakendur fá aðgang að forriti sem heldur utan um hugmyndavinnu og hægt er að nýta til framsetningar á hugmyndum í „Business Canvas“ og fyrir kynningar á verkefnum. Námskeiðið byggist á netfyrirlestrum og fjórum smiðjum. Námskeiðið byggist upp

ÞÓRÐUR SIGURBJARTSSON

deildarstjóri verkáætlunar-
deildar og áreiðanleikafræða
hjá Norðuráli, kennir námskeið
í stóriðjuskóla fyrirtækisins
þar sem fjallað er um alhliða
framleiðnistýrt viðhald.

„Á síðasta námskeiðinu sem ég kenndi, sem lauk í mars, voru um tuttugu manns, bæði iðnaðarmenn sem starfa að viðhaldsmálum og starfsmenn framleiðsludeilda. Við hittumst í tíu skipti, tvær kennslustundir í senn, og byggist námskeiðið á annars vegar fyrirlestrum og hins vegar verkefnavinnu.

Meðal þess sem við förum í á námskeiðinu er hvernig við stöndum að fyrirbyggjandi viðhaldi, áreiðanleikafræði og ástandsgreiningum. Við höfum



góða reynslu af því að kenna saman iðnaðarmönnum sem vinna að viðhaldsmálum og fólkinu sem vinnur við framleiðsluna, því mikilvægt er að allir séu vel meðvitaðir um hvernig beri að bregðast við ef bilanir koma upp og hvernig hámarka megi uppi-tíma búnaðar með rétttri meðferð og viðhaldi. Það er því í mínum huga mjög mikilvægt og mikils virði fyrir bæði starfsfólkið og fyrirtækið að farið sé í þessa hluti.

Á síðari hluta námskeiðsins vinna iðnaðarmennirnir og starfsmenn framleiðslu saman verkefni, þar sem stundum er bent á leiðir til úrbóta og sem til framfara horfir. Stefnt er að því að áreiðanleikafræðingar vinni síðan áfram með verkefni eftir að námskeiðinu lýkur. Hér er vissulega verið að fjalla um nokkuð sérhæfða og flókna hluti sem fyrir sumum er nokkuð framandi. En engu að síður gengur þetta ljómandi vel og er þegar upp er staðið öllum afar gagnlegt.“



Myndir úr vinnusmiðjunum um eflingu nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar á Vesturlandi.

á fyrirlestrum á netinu en ekki síst á fjórum smiðjum sem kennarar á Vesturlandi mæta og eru smiðjurnar haldnar á Akranesi, í Borgarnesi, Grundarfirði og Búðardal.

Fyrirlestrarnir innihalda fræðslu um eflandi kennslufræði, nýsköpunar- og frumkvöðlamennt, námsmat og námsskrárgerð. Einnig er skipulögð smiðjuvinna þar sem þátttakendur fara í gegnum ferli nýsköpunar- og frumkvöðlavinnu. Frá hugmynd til framkvæmdar. Smiðjurnar eru fjórar talsins og eru haldnar á Akranesi, í Búðardal, Grundarfirði og Borgarnesi.

Þátttakendur koma frá öllum grunn- og framhaldsskólum á Vesturlandi, en námskeiðinu lýkur á vordögum 2017 og síðan verður ákveðin eftirfylgni haustið 2017.

Signý Óskarsdóttir hjá Creatrix er verkefnastjóri og Dr. Rósa Gunnarsdóttir hjá INNOENT sér um kennsluna.

Svæðisgarðurinn á Snæfellsnesi

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi er í góðu samstarfi við Svæðisgarðinn Snæfellsnes og fékkst styrkur í gegnum Erasmus+ til að fjármagna námsferð hlutaðeigandi aðila til að kynna sér nýjungar og nýbreytni í fullorðinsfræðslu og samvinnu atvinnulífs, íbúa og þeirra aðila sem sinna fullorðinsfræðslu á svæðum sem vinna eftir hugmyndafræði Svæðisgarða (regional parks) í Bretlandi.

Skotar hafa miklu að miðla í þessum efnum og var ákveðið að sækja þá heim dagana 20.–23. júní. Á vegum verkefnisins fóru eftirfarandi: Guðún Vala Elísdóttir (SMV), Magnús Smári Snorrason (Háskólinn á Bifröst), Signý Óskarsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir (Svæðisgarðurinn Snæfellsnes), Dagbjört Agnarsdóttir (Átthagastofa Snæfellsbæjar), Hjördís Pálsdóttir (Byggðasafn Snæfells og Hnappadalssýslu) og Edda Ívarsdóttir (Landbúnaðarháskóli Íslands).

Í ferðinni var m.a. fræðst um;

- Heimsókn í „Galloway Forest Park“ þar sem m.a. var fræðst um rekstur gestastofa, kortlagningu gönguleiða og endurskipulagningu innviða m.t.t. betra aðgengis almennings og fræðslu fyrir börn og unglinga. Einnig var fróðleg umfjöllun um hvernig kveðið er á um lagalegan rétt fólks til að ferðast um náttúruna á sjálfbæran hátt og fjallað um „wild camping“ í því samhengi.
- Menningarmiðstöðin Catstrand í Glenkens heimsótt og fræðst um starfsemina.
- Galloway Activity Center var heimsótt og fræðst um vatna- og útivistar-afþreyingu, ásamt gistimöguleikum í umhverfisvænum húsum sem voru sérstaklega hönnuð fyrir staðinn.
- Cairnismore of Fleet – National Nature Reserve heimsótt, en svæðið er hluti af svokölluðu Biosphere verkefni, en hugmyndafræði þess felst aðallega í því að tengja saman fólk og náttúru og að auka vitund fyrirtækja og almennings um virði svæðisins og þess að hafa aðgengi að náttúrunni. Biosphere eru svæði sem hafa fengið „viðurkenningu“ UNESCO til að starfa sem slík og lögð er áhersla á eftirfarandi þætti: Sjálfbærni, tengja fólk og náttúru, náttúruvernd, rannsóknir og vísindi, tengslanet þjóða, lærdómssamfélag og hvernig hægt er að nota vörumerki til að efla staðarímynd svæða. Í því samhengi eru unnið með Visit Scotland og mikið er lagt upp úr því að efla staðbundin viðskipti.
- Keyrt og fræðst um Lochaber Geopark sem hefur að geyma merkileg ummerki ísaldarinnar.
- Kynning á verkefninu „Nevis Landscape Partnership“, sem það er unnið í samvinnu við University of Highlands and Islands og fleiri aðila. Aðalmarkmiðið með verkefninu er að vernda, endurheimta og móta á sjálfbæran hátt umhverfið í kring um Ben Nevis sem er hæsta fjall Bretlands og mjög

vinsælt útivistarsvæði. Verkefnið er fjármagnað úr skoska lottóinu og var veitt í þetta verkefni 3.9 milljónum punda. Verkefnið samanstendur í raun af 19 verkþáttum. Þar á meðal gerð göngustíga, endurheimt á Pinwood trjátegundinni (Pinewood Restauration), Northface survey, sem er kortlagning á öllu fjallinu, m.a. með þrívíddarkorti (3 D Geological Map), kvikmynd (Ben Nevis film) og starfsþjálfun (Training program).

- The Land, Sea and Islands Centre - Arisaig heimsótt. Þar er safn og verslun og búið að gera upp vinnuaðstöðu járnsmiðs. Einnig var hægt að kaupa þar vörur úr héraði, list og handverk.

Samstarfsnetið um fullorðinsfræðslu á Snæfellsnesi lærði nýjar aðferðir sem notaðar hafa verið til að mennta samfélög í svæðisgörðum, með áherslu á umhverfissvæna ferðaþjónustu (sem tengist mörgum öðrum atvinnugreinum) og hvernig virkja má íbúa í sóknaráætlun fyrir sitt heimasvæði. Þegar heim var komið var verkefnið rækilega kynnt á fundum um allt Snæfellsnes.



Svipmyndir úr starfi Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi.

Erlend verkefni

TELE-Teaching Entrepreneurship – Learning Entrepreneurship

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í Evrópuverkefni sem nefnist „Teaching Entrepreneurship-Learning Entrepreneurship, en verkefnið var til þess hugsað að styðja við bakið á ungu fólki sem ýmist hefur hætt í framhaldsskóla, er án atvinnu eða af öðrum ástæðum á erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði. Verkefnið snýst um að fólk í þessari stöðu uppgötvi nýjar leiðir til árangurs, sýni frumkvæði og nýti sköpunarkraftinn sem í því býr.

Fjögur lönd, auk Íslands tóku þátt í verkefninu; Rúmenía, Lettland, Spánn og Pýskaland.

Símenntunarmiðstöðin, í samvinnu við Vinnumálastofnun á Vesturlandi, hefur staðið fyrir a.m.k. fimmtán frumkvöðlasmiðjum fyrir atvinnuleitendur síðustu ár. Við kennslu í þessum smiðjum hefur skapast ákveðin þekking á kennsluaðferðum sem við hjá Símenntun miðlum áfram í þessu verkefni.

Í smiðjunum vorum við fyrst og fremst að vinna með hugarfar þátttakenda, þ.e. að horfa til þess hvernig mætti virkja frumkvöðlaskraftinn, ýta undir frumkvæði hjá einstaklingnum og fá þá til að sjá tækifærin í nærumhverfinu sem gæti mögulega skapað þeim atvinnu.

Haustið 2015 fengum við fulltrúa frá öllum þáttökulöndunum í heimsókn til okkar til að taka þátt í fimm daga vinnusmiðju, alls 16 manns. Þátttakendurnir komu m.a. frá menntastofnunum og nýsköpunarmiðstöðvum í þessum löndum og fengu innsýn í hvernig við höfum háttað kennslunni í þessum smiðjum og eins erum við að læra af þeim. Þetta er yfirlæsla þekkingar í báðar áttir.



Frá Lettlandsferð.



Fulltrúar þessara landa voru síðan í framhaldinu með sambærilega vinnusmiðju hver í sínu landi fyrir fólk á aldrinum 16-30 ára. Í framhaldinu hittust fulltrúar þáttökulandanna í Lettlandi dagana 15.–21. maí 2016 og kynntu frumkvöðla-verkefnin sín sem þau unnu í smiðjunum hver í sínu landi. Katrín Pétursdóttir og Selma Gestsdóttir voru fulltrúar Símenntunarmiðstöðvarinnar og kynntu sín frumkvöðlaverkefni sem þær unnu að í smiðju hér heima og með þeim í för voru Ágúst G. Pétursson og Svava Björg Svavarsdóttir. Í þessarri ferð heimsótti hópurinn einnig nokkur frumkvöðlafyrirtæki í Riga, Cesis, Jurmala, Malpils og Sigulda.

Í tengslum við TELE verkefnið var haldið málþing í Borganesi í júní 2016 þar sem nýsköpunar- og frumkvöðlastarf var skoðað frá mörgum hliðum. Verkefninu lauk með ráðstefnu í Valencia á Spáni í júnílok.

YFIRLIT YFIR FJARPRÓF

Fjarnemar nýta sér í auknum mæli þjónustu símenntunarmiðstöðvanna um allt land til að taka próf í heimabyggð. Sóknin í þessa þjónustu á Vesturlandi hefur aukist síðustu ár og kunna fjarnemar vel að meta hana.

Símenntunarmiðstöðin hefur gert þjónustusamning við mennta- og menningar-málaráðuneytið og er þessi þjónusta veitt í tengslum við þann samning.

Nemendur sem nýta sér þjónustuna koma einkum frá háskólunum á Íslandi, en einnig eru nemendur frá Keili og einstaka framhaldsskóla.

BJARNI BENEDIKT GUNNARSSON

er framleiðslusérfræðingur í kerstjórn Norðuráls og kennir þann námsþátt í Stóriðjuskóla Norðuráls er lýtur að eldföstum efnum.

„Þessi hluti er einn af þeim þáttum sem fjallað er um í grunnnáminu í Stóriðjuskólanum og ég er einmitt að kenna þetta núna á vorönn. Í grunnnáminu kennum við á þriðjudögum en í framhaldsnáminu á fimmtudögum. Varðandi eldföst efni



legg ég áherslu á hvernig beri að meðhöndla þau á réttan hátt og fólk þarf að vera vel meðvitað um þær kröfur sem gerðar eru við notkun þeirra. Núna er ég að kenna á bilinu 25-30 manns og mér finnst almennt að fólk sé áhugasamt um að fræðast um þessa hluti og afla sér þeirrar bakgrunnsþekkingar sem því er nauðsynlegt að búa yfir.

Námið hjálpar því fólki um leið að öðlast betri yfirsýn yfir reksturinn.


Mér finnst námið í Stóriðjuskólanum efla tengslin milli starfsmanna og það sem ekki er síst mikilvægt er að þess eru nokkur dæmi að námið í Stóriðjuskólanum hafi eflt starfsmönnum traust til að hefja frekara nám að honum loknum.“

Nemendurnir taka próf í húsnæði Símenntunar á Akranesi, í Borgarnesi, Átthaga- stofu Snæfellsbæjar, Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði, Grunnskóla Stykkishólms og Ráðhúsi Dalabyggðar.


Eins og sjá má í töflunni hér að neðan fjölgar próffyrirlögnum jafnt og þétt til ársins 2014. Milli áranna 2014 og 2015 dregur úr próffyrirlögnum sem skýrist fyrst og fremst af því að óvenju margir nemendur í Háskólagáttinni við Háskólann á Bifröst nýttu sér þjónustu Símenntunarmiðstöðvarinnar árið 2014. Í heildina fjölgar próf- fyrirlögnum á milli áranna 2015 og 2016. Próftaka er farin að dreifast meira yfir árið sem skýrist af breyttu kennslufyrirkomulagi hjá háskólunum. Algengara er að það sé lotukennt í stað þess að öll próf eru lögð fyrir í lok hverrar annar.

Hér má sjá fjölda próffyrirlagna á árunum 2014-2016:

	2012	2013	2014	2015	2016
Akranes	247	255	393	349	320
Borgarnes	120	169	209	177	205
Búðardalur	8	26	13	13	10
Grundarfjörður	56	30	37	47	38
Snæfellsbær	100	63	53	48	64
Stykkishólmur	46	49	64	61	77
Samtals	577	592	769	695	714



Próf eftir skólum 2014-2016



ÚR ÝMSUM ÁTTUM

Áttin.is

Nokkrir stórir starfsmenntasjóðir hafa sameinast um eina vefgátt sem tekur við umsóknum og fylgigögnum til eins, fleiri eða allra sjóðanna, allt eftir stéttarfélagsaðild starfsmanna.

Á vefgáttinni eru frekari upplýsingar um hvernig er sótt um, hvers konar styrkir eru í boði, reglur og listi yfir fræðsluaðila.

Vorið 2016 gerði verkefnastjórn Áttarinnar þjónustusamning við símenntunarmistöðvarnar um kynningarheimsóknir í fyrirtæki. Markmið heimsóknanna var að kynna ávinning fyrirtækja og starfsmanna þeirra af fræðslu sem og kynningu á þjónustu fræðslusjóða/-setra við fyrirtækin, þar með talið notkun á vefgáttinni Áttin.is

Í Samningi við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi var miðað við 40 fyrirtækjaheimsóknir.

Nánari upplýsingar um Áttina er á www.attin.is

Naesta skref.is

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) og Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (SÆNS) unnu sameiginlega að þróun vefsins í samstarfi við hagsmunaaðila á borð við starfsgreinaráð, fagfélög og fræðslustofnanir.

Vefurinn er hluti af IPA styrktu verkefni sem FA stýrði á árunum 2012-2014 og bar heitið: Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun. Að verkefninu komu m.a. ráðgefandi aðilar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytið, velferðarráðuneytið, Alpýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samband íslenskra sveitarfélaga, KVASIR -samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, Félag íslenskra framhaldsskóla og Hagstofa Íslands.

Nánari upplýsingar á www.naestaskref.is

Namogstorf.is

Þessi vefur er á vegum IÐUNNAR fræðsluseturs og er hugsaður til upplýsinga og fróðleiks fyrir alla sem áhuga hafa á námi og störfum í iðngreinum.

Nánari upplýsingar á www.namogstorf.is

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Kvasir er sameiginlegur vettvangur og hagsmunasamtök ellefu símenntunarmiðstöðva á landinu. Miðstöðvarnar skiptast á að eiga fulltrúa í stjórn til tveggja ára í senn.

Á vegum samtakanna eru haldnir tveir fundir á ári, á haust- og vordögum, auk félagsfunda eftir þörfum.

Nánari upplýsingar um starfsemi Kvasis: www.fraedslumidstodvar.is

Leikn – samtök fullorðinsfræðslu á Íslandi

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi á aðild að Leikn, en þessi samtök eru sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Markmiðið með samtökunum er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi

SNÆVAR IVARSSON

er leiðbeinandi á námskeiði fyrir lesblinda á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi. Snævar situr í stjórn Félags lesblindra á Íslandi og er jafnframt eini starfsmaður félagsins.

„Á þessu ári eru níu ár síðan ég byrjaði að halda námskeið fyrir lesblinda og á þessum tíma hef ég þróað og breytt námsefninu umtalsvert í takt við tækniframfarir sem hafa gert lesblindum auðveldara fyrir. Ég hef verið með þessi námskeið um allt land á vegum símenntunarmiðstöðva, m.a. hef ég verið með námskeið á Akranesi og í Borgarnesi. Til þess



að kennslan sé sem best vil ég geta kennt 6-12 manns í einu. Ég legg áherslu á að námskeiðin séu hagnýt og nýtist vel fólki sem glímir við lesblindu. Ég kenni fólki m.a. að nýta sér hugbúnað sem les af tölvuskjám, upplestrarhugbúnað, talgreini o.fl. Einnig kenni ég notkun á leiðréttingarforritum eins og t.d. Skramba.Tækninni fleygir fram á þessu sviði, eins og öðrum, og hana er mikilvægt að nýta sem best.

Í dag eru um 1700 manns í Félagi lesblindra á Íslandi en ekki er vitað hversu margir Íslendingar eru lesblindir – á því hefur ekki verið gerð ítarleg rannsókn. Þó má ætla að 15-20% Íslendinga séu lesblindir og 5-6% eigi í miklum lestrarerfiðleikum. Það er því til mikils að vinna að miðla allri þeirri þekkingu sem til er um þessi mál og jafnframt að kynna fólki þau hjálpartæki sem koma lesblindum að gagni.“

og að stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun, samskipti og samstarf á milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Guðrún Vala Elísdóttir, starfsmaður Símenntunarmiðstöðvarinnar, hefur setið í stjórn Leiknar síðasta ár.

Á vef Leiknar má nálgast mörg fróðleg fjarfræðsluerindi um fullorðinsfræðslu.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.leikn.is**



Frá starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi.

NIÐURLAG

Það hefur margt breyst í starfsumhverfi Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi frá stofnun hennar árið 1999, þó í grunninn séu markmiðin þau sömu, þ.e. bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri, vinna að miðlun og öflun þekkingar fullorðinna á Vesturlandi og veita fyrirtækjum og íbúum í landshlutanum ráðgjöf m.t.t. þekkingaröflunar.

Það urðu ákveðin vatnaskil árið 2006 þegar Símenntunarmiðstöðin gerði þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og með því komu auknir fjármunir í starfsemina, sem gerði Símenntunarmiðstöðinni kleift að bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf, svokallaðar vottaðar námsleiðir og raunfærnimat. Það hefur sýnt sig að mikil þörf er á náms- og starfsráðgjöf og við viljum gjarnan auka þá þjónustu, en það fer þó eftir efnum og aðstæðum.



Vottaðar námsleiðir eru viðurkenndar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og má meta til eininga í framhaldsskólum og Menntastöðir má meta inn í frumgreinadeildir háskólanna. Þessar námsleiðir eru af ýmsum toga og gerir okkur kleift að auka framboð náms. Sem dæmi er Stóriðjuskólinn í Norðuráli, nám fyrir fiskvinnslufólk og Landnemaskólinn byggður á þessum námskrám.

Raunfærnimat er mjög góð leið til að ná til þeirra sem hafa verið lengi á vinnumarkaði en ekki náð að klára formlegt nám. Innan framhaldsfræðslunnar hefur verið unnið markvisst að því að þróa og bjóða upp á raunfærnimat í hinum ýmsum greinum. Við hjá Símenntunarmiðstöðinni tökum þátt í þessu og á árinu vorum við m.a. með raunfærnimat í matartækni, skrifstofugreinum og löggiltum iðngreinum.

Það er mikilvægt fyrir stofnun eins og Símenntunarmiðstöðina að taka þátt í samstarfsverkefnum, innlendum og erlendum sem og að vera í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar um einstaka verkefni og þjónustu. Það var mjög gagnlegt og gaman að taka þátt í verkefnum í tengslum við sóknaráætlun og gegnum slík verkefni skapast þekking og tengslanet sem nýtist okkar starfsemi áfram og leiðir vonandi af sér fleiri verkefni. Tæknimessa, verkefni á sviði ferðaþjónustu, nýsköpunar og frumkvöðla-menntar eru dæmi um verkefni Sóknaráætlunar sem Símenntunarmiðstöðin tók þátt í.

Breytingarnar í fullorðinsfræðslunni eru örar og sem merki um það er verið að endurskoða lög um framhaldsfræðslu nr. 27 sem tóku gildi 2010. Sú vinna er í fullum gangi innan mennta- og menningarmálaráðuneytsins. Að sama skapi er verið að endurskoða útteilingu fjár til símenntunarmiðstöðvanna og er reiknilíkan í smíðum. Að mínu mati er það tímabært og þarft.

Það er líf og fjör hjá okkur og starfsemin eflist með ári hverju – menntun er skemmtun!

Inga Dóra Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN Á VESTURLANDI

ÁRSSKÝRSLA SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVARINNAR Á VESTURLANDI 2016

Uppsetning ársskýrslu: Óli Arnar
mars 2017

www.simenntun.is